

Mál nr. 145/2011**M
og
ábyrgðaraðilinn X v/ óvátryggðs bifhjóls.****Stjórnandi óvátryggðs bifhjóls slasaðist þann 25.10.2009.****Gögn.**

71. Málskot, móttakið 5.3.2011, ásamt fylgigögnum.
72. Bréf X, dags 12.4.2011.

Málsatvik.

Málskotsaðili ók bifhjóli í Sveifluhálsi vestan Krýsuvíkurvegar. Missti hann stjórn á hjólinu og mun hafa hlotið áverka einkum á þumalfingri hægri handar. Bifhjólið sem M ók reyndist óvátryggt. M hefur krafist bóta hjá ábyrgðaraðilanum X með vísan til nánar tilgreindra ákvæða í tilskipunum Evrópusambandsins um ökutækjetryggingar, 92. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og ákvæða í reglugerð nr. 424/2008 um lögmæltar ökutækjetryggingar. Kröfu M hefur verið hafnað.

Álit.

Samkvæmt 1. mgr. 94. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 skal ráðherra setja reglur um skyldu vátryggingafélaga til að taka þátt í gagnkvæmu ábyrgðarkerfi vegna tjóna af völdum óvátryggðra og óþekktra ökutækja. Samkvæmt 3. mgr. 20. gr. reglugerðar nr. 424/2008 um lögmæltar ökutækjetryggingar skal X sem ábyrgðaraðili greiða tjónþola bætur vegna tjónsatviks sem hlotist hefur á Íslandi af notkun ökutækis sem engin ábyrgðartrygging hefur verið keypt fyrir eða vátrygging þess hefur verið felld niður af vátryggingafélaginu eða ekki haldið í gildi. Af ákvæði þessu er ljóst að því aðeins getur komið til greiðsluskyldu X að tjónþoli hefði átt rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu óvátryggðs ökutækis ef vátryggingin hefði verið í gildi er slysið varð. Sem stjórnandi bifhjólsins hefði M ekki átt rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu bifhjólsins heldur slysatryggingu ökumanns skv. 92. gr. umferðarlaga. Enginn grundvöllur er að lögum til að krefjast bóta úr hendi X sem ella hefðu átt að greiðast úr slysatryggingunni. Ökutækjatilskipanir Evrópusambandsins, sem vísað er til af hálfu M í þessu sambandi, breyta engu í þessum efnum. M á því ekki rétt á bótum úr hendi X.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum hjá X.

Reykjavík, 17. maí 2011.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.